

STJÓRNARTÍÐINDI B 50 – 1998

29. maí 1998

985

Nr. 317

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 6/1998 um breytingar á auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 2/1998 um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1998.

Frá og með 1. júní 1998 breytist skattmat á fjárhæðum ökutækjastyrkja og á dagpeningum sem launamaður fær greiddar vegna ferða á vegum launagreiðanda og halda má utan staðgreiðslu og verða sem hér segir:

1. Ökutækjastyrkir.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 3.2. í auglýsingunni um mat á ökutækjastyrk innan viðmiðunarmarka, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu:

a) Almennit gjald:

Fyrir:	1 - 10.000 km	kr. 35,15	verði	kr. 36,15
	10.001 - 20.000 km	kr. 31,45	verði	kr. 32,35
	20.001 - >	kr. 27,75	verði	kr. 28,55

b) Sérstakt gjald og torfærugjald.

Þær fjárhæðir sem hækka má ofangreint mat um ef um greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds er að ræða breytast sem hér greinir:

Fjárhæðin:	kr. 5,35	verði	kr. 5,55	(sérst. gjald	1 - 10.000 km)
	kr. 16,55	verði	kr. 16,65	(torfærugjald	1 - 10.000 km)
	kr. 4,80	verði	kr. 4,95	(sérst. gjald	10.001 - 20.000 km)
	kr. 14,80	verði	kr. 14,90	(torfærugjald	10.001 - 20.000 km)
	kr. 4,25	verði	kr. 4,35	(sérst. gjald	20.001 - >)
	kr. 13,05	verði	kr. 13,15	(torfærugjald	20.001 - >)

2. Dagpeningar erlendis.

Kaflinn „Almennir dagpeningar“ í tölulið 4.2. í auglýsingunni orðist svo:

	Gisting	Annað	Samtals
	SDR	SDR	SDR
Bretland	127	88	215
New York	119	70	189
Asía	129	102	231
Annars staðar	94	88	182

Kaflinn „Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa“ í sama tölulið orðist svo:

	Gisting	Annað	Samtals
	SDR	SDR	SDR
Bretland	81	56	137
New York	76	45	121
Asía	83	66	149
Annars staðar	60	56	116

3. Dagpeningar innanlands.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 4.3. í auglýsingunni:

Gisting og fæði í einn sólarhring:	kr. 7.500, verði kr. 9.300.
Gisting í eina nótt:	kr. 3.800, verði kr. 5.500.
Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag:	kr. 3.700, verði kr. 3.800.
Fæði hvern hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag:	kr. 1.850, verði kr. 1.900.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. júní 1998.

Reykjavík, 29. maí 1998.

Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri.

Nr. 318

20. maí 1998

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Álftaneshreppi, Mýrasýslu.

Hreppsnefnd Álftaneshrepps, Mýrasýslu, hefur samþykkt deiliskipulag fyrir sumar-
bústað í Knarrarnesi, einnig breytingu á sumar-
bústaðasvæði í landi Grenja, stækkun um
fjórar lóðir.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulags-
reglugerð nr. 318/1985.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og eldra skipulag á sumar-
bústaðasvæði í landi Grenja
er ógilt.

20. maí 1998.

F.h. hreppsnefndar,

Einar Ole Pedersen oddviti.

Nr. 319

19. maí 1998

AUGLÝSING

um samþykkt deiliskipulag á Flateyri við Önundarfjörð í Ísafjarðarbæ.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir Flateyri í Ísafjarðarbæ.
Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 73/1997 með síðari breyt-
ingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.
Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bæjarstjórinn í Ísafjarðarbæ, 19. maí 1998.

Kristinn Jón Jónsson.